

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag Vestmannaeyja Vestmannaeyjar



<b>Dags eftirlits</b>	9.2.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag Vestmannaeyja	<b>Fulltrúi UST</b>	Eva Dögg Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Strandvegi 29	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660169-1219	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Páll Scheving	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	436690,981 326978,971

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík var frá starfsleyfi þar sem TVN skýrslur fyrir árið 2011 höfðu ekki verið sendar til Umhverfisstofnunar þegar eftirlit fór fram.

Bæta þarf úr framkvæmd mælinga á styrk efna í frárennsli.

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu en minnt á að mæla þurfi frárennsli frá fyrirtækinu í sjó við útrás frá verksmiðjunni áður en það fer í þéttbýlisveituna.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með tengilið fyrirtækisins en einnig kom verkstjóri seinna á fundinn og útskýrði notkun og gerð sjóveitu fyrirtækisins. Fram kom að þrjár holur eru í notkun hjá sjóveitu fyrirtækisins, ein 28 m djúp og tvær 35 m djúpar. Sýni eru tekin reglulega og hafa þau öll komið vel út. Víðtæk notkun er á sjónum hjá fyrirtækinu og hann notaður við hrognavinnslu, kælingu, skolun, fleytingar við löndun o. fl. Þó er reynt að nota hann sparlega í beinni snertingu hráefnis sem bræða á, þurrka og mala í mjöl, þar sem verulegur akkur er í því að halda saltmagn mjölsins sem lægstu.

Á fundinum var einnig rætt um og leiðbeiningar veittar um framkvæmd frárennismælinga. Niðurstöður frárennismælinga sem gerðar voru í lok síðasta árs bentu til að ekki hafi verið rétt að þeim staðið.

Fram kom á fundinum að Ísfélagið hyggst reisa nýja hreinsistöð fyrir frárennsli á nýju bryggjussvæði sem hafnaryfirvöld áætla að reisa austan og norðan við verksmiðjuna. Einnig er fyrirhugað að koma upp nýrri móttöku fyrir löndum á þeirri bryggju ásamt tveim nýjum hráefnistönkum þannig að unnt verður að landa samtímis úr tveimur skipum. Bent var á að ef þessar áætlanir ganga eftir þyrfti fyrirtækið að sækja um nýtt starfsleyfi. Ennfremur var bent á að hvort sem þessar framkvæmdir færu fljótlega af stað eða ekki rennur núverandi starfsleyfi út 1. febrúar 2014 og það þarf að sækja um nýtt starfsleyfi með lágmark 8 mánaða fyrirvara og helst lengri fyrirvara ef einhverjar tafir yrðu í starfsleyfisferlinu.

Að fundi loknum var farið í eftirlit um alla verksmiðjuna auk allra útisvæða og járnsmíðaverkstæðis. Ekki varð vart við neitt óeðlilegt í eftirlitinu um verksmiðjuna né á öðrum athafnasvæðum hennar.

#### Frávík frá

Grein 3.19 í starfsleyfi

#### Lýsing á frávíki

TVN-skýrslum hefur ekki verið skilað fyrir árið 2011.


### ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar.

### ANNAÐ

Fyrirtækinu hefur verið sent bréf dags. 24. febrúar 2012 um að skila skuli niðurstöðum frárennismælinga eigi síðar en 1. maí 2012.

Reykjavík, 16.05.2012

  
Ólafur Kristinn Tryggvason

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.